

Skipting umsókna og úthlutanir úr sjóðum: Rannsóknarsjóður Háskóla Íslands 2006 og 2007

Í jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2005 – 2009 er kveðið á um að gerð verði úttekt á skiptingu umsókna og úthlutana úr sjóðum HÍ eftir kynjum (1. kafli). Á fundi jafnréttisnefndar 25. september s.l. var ákveðið að byrja á að beina sjónum að Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands, sbr. starfsáætlun nefndarinnar fyrir veturinn 2006 – 2007.

Umfjöllun hér miðast við þrjú fræðasvið, þ.e.:

1. Félags- og hugvísindasvið: Hugvísindadeild, félagsvísindadeild, lagadeild, viðskipta- og hagfræðideild, guðfræðideild.
2. Heilbrigðisvísindasvið: Læknadeild, hjúkrunarfræðideild, lyfjafræðideild, tannlæknadeild
3. Verkfræði- og raunvísindasvið: Verkfræðideild, raunvísindadeild.

Í þessari samantekt er hvorki lagt mat á ritvirkni né vísindagildi, heldur eingöngu horft til umsókna og úthlutana m.t.t. kynferðis og styrkuppþæða eftir fræðasviðum.

Helstu niðurstöður

Í samantektinni hafa umsóknir og úthlutanir úr Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands verið skoðaðar með tilliti til fjölda þeirra eftir kynferði, styrkuppþæðum og fræðasviðum. Þá hafa fjöldatölur verið bornar saman við fjölda lektora, dósentna og prófessora samkvæmt starfsmannaskrá og þeirra sem sækja í sjóðinn.

Megin niðurstaða úttektarinnar er að hvorugu kyninu sé mismunað með úthlutunum úr sjóðnum. Þegar sókn og úthlutanir í sjóðinn eru skoðaðar með tilliti til hlutfalls akademískra starfsmanna í starfsmannaskrá er sókn kvenna hlutfallslega meiri en karla. Hins vegar vekur athygli að umsækjendur úr verkfræði- og raunvísindagreinum svo og úr heilbrigðisvísindagreinum (fyrir utan hjúkrunarfræði) fá hlutfallslega mest úr sjóðnum.

Heildarfjöldi umsókna og úthlutunarfé

Árið 2006 bárust alls 180 umsóknir í Rannsóknarsjóð, þar af tvær í skráningarhluta og fjórar um lausn frá kennslu. Samtals var sótt um 247,3 mkr. Úthlutað var 144.370 þkr. til 164 verkefna eða að meðaltali 880 þkr. á hverja styrkta umsókn. A.m.k. 86% úthlutunarfjár fóru til að styrkja laun aðstoðarfólks.

Árið 2007 bárust alls 177 umsóknir í sjóðinn, þar af tvær í skráningarhluta og þrjár um lausn frá kennslu. Samtals var sótt um 278 mkr. Úthlutað var 155.630 þkr. til 164 verkefna eða að meðaltali 949 þkr. á hverja styrkta umsókn. A.m.k. 88% úthlutunarfjár fóru til að styrkja laun aðstoðarfólks. Upplýsingarnar í töflunum tveimur hér fyrir neðan eru frá vísindasviði, teknar af heimasíðu Rannsóknarsjóðsins: http://www.hi.is/page/rsj_uthlutun

Tafla I Umsóknir

	Heildarupphæð umsókna (þkr)		Fjöldi verkefna		Meðalupphæð á umsókn (þkr)	
	2006	2007	2006	2007	2006	2007
Fræðasvið						
Félags- og hugv.	57.471	64.261	58	52	991	1.236
Heilbrigðisvísindasvið	79.238	86.110	54	54	1.467	1.595
Verkfræði- og raunv.	110.633	127.356	68	71	1.627	1.794
Alls:	247.342	277.727	180	177	1.374	1.569

Tafla II Styrkir

	Heildarupphæð styrkja (þkr)		Fjöldi styrktra verkefna		Hlutfall styrktra umsókna		Meðalstyrkur á verkefni	
	2006	2007	2006	2007	2006	2007	2006	2007
Fræðasvið								
Félags- og hugv.	35.170	36.920	52	49	90	94	676	753
Heilbrigðisv.	41.200	46.270	47	49	87	91	877	944
Verkfr. og raunv.	68.000	72.440	65	66	96	93	1.046	1.098
Alls:	144.370	155.630	164	164	91	93	880	949

Umsækjendur

Úthlutað var vegna 164 verkefna sitt hvert árið. Árið 2006 voru konur 58 (35%) og karlar 106 (65%) en árið 2007 voru konur 53 (32%) og karlar 111 (68%) sem eini eða aðalumsækjandi. Af meðumsækjendum voru konur 24 (35%) og karlar 44 (65%) árið 2006 en árið 2007 voru konur 26 (45%) og karlar 32 (55%). Til samanburðar skal þess getið hér að samkvæmt starfsmannaskrá Háskóla Íslands¹ voru konur 138 (31%) og karlar 308 (69%) árið 2005 en árið 2006 voru konur 146 (32%) og karlar 317 (68%). Er þá miðað við starfsheitin prófessor, dósent, lektor og adjunkt en sérfræðingar, fræðimenn og vísindamenn geta einnig sótt í Rannsóknarsjóð. Lítil munur virðist því vera á hlutfalli kynja ef horft er til úthlutana m.v. fyrsta eða aðalumsækjenda og þeirra sem eru í starfi.

Styrkuppahæðir

Þegar litið er á styrkuppahæðir þá fengu 17 verkefni 1500 þkr. eða hærri styrk árið 2006 og 18 árið 2007 (hæsta upphæð er 1800 þkr.) Þar voru konur 4 (24% vs. 22%) sem eini eða aðalumsækjandi bæði árin en karlar 13 (76%) árið 2006 og 14 (78%) árið 2007. 74 verkefni hlutu 1000 þkr. eða hærri styrk árið 2006 en 70 árið 2007. Af þeim eru konur 22 (30%) sem eini eða aðalumsækjandi árið 2006 en 20 (29%) árið 2007 og karlar 52 (70%) árið 2006 en 50 (71%). 36 verkefni fengu lægri styrk en 500 þkr. árið 2006 en 26 árið 2007. Þar voru konur 20 (56%) 2006 en 12 (46%) 2007 og karlar 16 (44%) 2006 en 14 (54%) 2007 sem eini eða aðalumsækjandi. Sjá einnig í töflu III.

Tafla III Styrkuppahæðir

	Konur (eini eða aðalums.)		Karlar (eini eða aðalums.)		Alls
	2006	2007	2006	2007	
Styrkuppahæð					
200 - 490 þkr	20 (56%)	12 (46%)	16 (44%)	14 (54%)	62
500 – 990 þkr.	19 (35%)	17 (34%)	35 (65%)	33 (66%)	104
1000 – 1490 þkr.	18 (32%)	20 (29%)	39 (68%)	50 (71%)	127
1500 – 1800 þkr.	4 (24%)	4 (22%)	13 (76%)	14 (78%)	35
Samtals	61	53	103	111	328

¹ Upplýsingar sóttar á http://www.hi.is/page/stad_starfsmenn febrúar 2007.

Áhugavert er að skoða þessar tölur nánar eftir fræðasviðunum.

Félags- og hugvísindasvið

Innan félags- og hugvísindasviðs eru félagsvísindadeild, lagadeild, viðskipta- og hagfræðideild, guðfræðideild og tengdar stofnanir. 52 verkefni fengu styrk árið 2006 og 49 árið 2007. Árið 2006 voru konur 24 (46%) en 18 (37%) árið 2007 á meðan karlar voru 28 (54%) árið 2006 en 31 (63%) 2007 sem eini eða aðalumsækjandi. Samanborið við starfsmannskrártölurnar voru konur 39% fastra kennara í deildunum og karlar 61% árið 2005 og árið 2006 voru konur 32% en karlar 68%.

Árið 2006 var heildarupphæð umsókna frá deildum innan þessa sviðs 57.471 þkr. (23%) en heildarupphæð styrkja 35.170 þkr (24%). Árið 2006 var heildarupphæð umsóknanna 64.261 þkr (23%) en heildarupphæð styrkja 36.920 (24%) Hlutfallslega er því nær enginn munur á því sem sótt er um og því sem er fengið. Sé litið til styrkuppþæða m.v. sömu afmarkanir og í töflu III, lítur myndin út svona (sjá töflu IV):

Tafla IV Styrkuppþæðir og fjöldi umsækjenda innan félags- og hugvísindasviðs

Styrkuppþæð	Konur (eini eða aðalums.)		Karlar (eini eða aðalums.)		Alls
	2006	2007	2006	2007	
200 - 490 þkr	13 (72%)	8 (53%)	5 (28%)	7 (47%)	33
500 – 990 þkr.	9 (43%)	6 (35%)	12 (57%)	11 (65%)	38
1000 – 1490 þkr.	3 (27%)	3 (20%)	8 (73%)	12 (80%)	26
1500 – 1800 þkr.	1 (50%)	1 (50%)	1 (50%)	1 (50%)	4
Fjöldi styrkþega	26 (50%)	18 (37%)	26 (50%)	31 (63%)	101

Heilbrigðisvísindasvið

Innan heilbrigðisvísindasviðs eru læknaeild, hjúkrunarfræðideild, lyfjafræðideild, tannlæknaeild og tengdar stofnanir. Árið 2006 fengu 47 verkefni innan þessa sviðs styrk og 49 árið 2007. Árið 2006 voru konur 23 (49%) og 20 (41%) árið 2007 en karlarnir voru 24 (51%) árið 2006 en árið 2007 voru þeir 29 (59%) sem eini eða aðalumsækjandi. Samanborið við starfsmannskrártölurnar voru konur 33% fastra kennara í deildunum árið 2005 og 35% 2006 og karlar voru 67% árið 2005 og 65% árið 2006. Hjúkrunarfræðideildin er ein deilda Háskóla Íslands, þar sem konur eru í meirihluta kennara. Í gögnum vísindasviðs vekur athygli að hvorugt árið hlaut verkefni með eina eða aðalumsækjanda úr hjúkrunarfræðideild styrk að upphæð 1000 þkr. eða meira.

Heildarupphæð umsókna frá deildum innan þessa sviðs var 79.238 (32%) árið 2006 og 86.110 (31%) árið 2007. Heildarupphæð styrkja var 41.200 (29%) árið 2006 en 46.270 (30%) 2007. Skipting styrkuppþæðanna m.v. sömu afmarkanir og hér að framan eru í töflu V.

Tafla V Styrkuppþæðir og fjöldi umsækjenda innan heilbrigðisvísindasviðs

Styrkuppþæð	Konur (eini eða aðalums.)		Karlar (eini eða aðalums.)		Alls
	2006	2007	2006	2007	
200 - 490 þkr	6 (50%)	3 (33%)	6 (50%)	6 (67%)	21
500 – 990 þkr.	8 (47%)	8 (44%)	7 (53%)	10 (56%)	33
1000 – 1490 þkr.	6 (43%)	6 (46%)	8 (57%)	7 (54%)	27
1500 – 1800 þkr.	3 (50%)	6 (33%)	3 (50%)	6 (67%)	18
Fjöldi styrkþega	23 (49%)	23 (44%)	24 (51%)	29 (66%)	99

Verkfræði- og raunvísindasvið

Innan verkfræði- og raunvísindasviðs eru verkfræðideild og raunvísindadeild, tengdar stofnanir. Árið 2006 fengu 65 verkefni innan sviðsins styrk og 66 árið 2007. Árið 2006 voru konur 12 (18%) og 15 (23%) árið 2007 á meðan karlar voru 53 (82%) 2006 og 51 (77%) 2007 sem eini eða aðalumsækjandi. Samanborið við starfsmannaskrártölurnar frá 2005 voru konur 15% fastra kennara í deildunum og karlar 85% árið 2005 og árið 2006 voru konur 18% en karlar 82%.

Heildarupphæð umsókna innan þessa sviðs var 110.633 þkr. (45%) árið 2006 og 127.356 (46%) árið 2007. Heildarupphæð styrkja var 68.000 (47%) árið 2006 og 72.440 (47%) árið 2007.

Tafla VI Styrkuppghæðir og fjöldi umsækjenda innan verkfræði- og raunvísindasviðs

Styrkuppghæð	Konur (eini eða aðalums.)		Karlar (eini eða aðalums.)		Alls
	2006	2007	2006	2007	
200 - 490 þkr	1 (17%)	1 (50%)	5 (83%)	1 (50%)	8
500 – 990 þkr.	2 (11%)	3 (20%)	16 (89%)	12 (80%)	33
1000 – 1490 þkr.	9 (28%)	11 (26%)	23 (72%)	31 (74%)	74
1500 – 1800 þkr.			9 (100%)	7 (100%)	16
Fjöldi styrkþega	12 (18%)	15 (23%)	53 (82%)	51 (77%)	131

Sókn í Rannsóknarsjóð HÍ eftir fræðasviðunum

Samkvæmt starfsmannaskrá Háskóla Íslands 2006 voru 463 starfsmenn í störfum aðjunktá, lektora, dósentá og prófessora. Skipt eftir ofangreindum fræðasviðum voru 197 starfsmenn (43%) á félags- og hugvísindasviði, 148 starfsmenn (32%) á heilbrigðisvísindasviði og 118 starfsmenn (25%) á verkfræði- og raunvísindasviði. Áhugavert er að bera saman hlutfall starfsfólks samkvæmt starfsmannaskrá og það hlutfall sem fer úr sjóðnum til fræðasviðanna en þar er nokkur munur á, sjá töflu VI. Heilbrigðisvísindasvið þarf að taka hér með fyrirvara, þar sem hlutakennarar eru nokkuð stór partur af kennurum læknadeildar.

Tafla IV Hlutfall starfsfólks og styrkja

	Hlutfall starfsfólks skv. starfsmannaskrá		Hlutfall styrktra verkefna		Hlutfall úr sjóðnum	
	2006	2007	2006	2007	2006	2007
Félags- og hugvísindasvið	42,5%	43%	31%	30%	24%	24%
Heilbrigðisvísindasvið	33%	32%	29%	30%	29%	30%
Verkfr.- og raunvísindasvið	24,5%	25%	40%	40%	47%	46%
Heild	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Niðurlag

Í þessari samantekt hafa umsóknir og úthlutanir úr Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands verið skoðaðar með tilliti til fjölda þeirra eftir kynferði, styrkuppghæðum og fræðasviðum. Þá hafa fjöldatölur verið bornar saman við fjölda starfsfólks í sambærilegum störfum samkvæmt starfsmannaskrá og þeirra sem sækja í sjóðinn.

Megin niðurstaða úttektarinnar er að hvorugu kyninu sé mismunað með úthlutunum úr sjóðnum. Þegar sókn og úthlutanir í sjóðinn eru skoðaðar með tilliti til hlutfalls akademískra starfsmanna í starfsmannaskrá er sókn kvenna hlutfallslega meiri en karla. Hins vegar vekur athygli að umsækjendur úr verkfræði- og raunvísindagreinum svo og úr heilbrigðisvísindagreinum (fyrir utan hjúkrunarfræði) fá hlutfallslega mest úr sjóðnum.

Að lokinni samantekt þessari vakna ýmsar spurningar, s.s. um verðmætamat og verðmæti rannsókna eftir fræðasviðum og væri áhugavert að skoða sókn og úthlutanir úr sjóðnum frá fleiri sjónarhólum. Áhugavert væri að gera paraðan samanburð í tvö til þrjú ár eftir starfsheitum, kynferði og styrkuppþæðum til að athuga hvort mögulegt mynstur geti verið um að ræða á milli starfsheita en eins og kunnugt er eru konur enn sem komið er í minnihluta meðal prófessora og karlar í minnihluta meðal lektora. Þá væri vert að rannsaka með sama hætti hverjir sækja ekki í sjóðinn.